

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2149  
komudagur 9.5.2012

NASDAQ OMX™

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. maí 2012  
Tilvísun 111  
MKÁ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, 731. mál**

Þann 30. apríl sl. mætti NASDAQ OMX Iceland hf. („Kauphöllin“) á fund efnahags- og viðskiptanefndar þar sem tekið var fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum (rýmkun heimilda, aukið eftirlit, hækkun sekta o.fl.). Á fundinum gerði Kauphöllin grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi efni frumvarpsins. Í kjölfarið óskaði nefndin eftir skriflegri umsögn Kauphallarinnar um frumvarpið. Kauphöllin hefur margsinnis áður komið sjónarmiðum sínum varðandi gjaldeyrishöftin á framfæri og telur því ekki ástæðu til að rekja þau atriði frekar að svo stöddu. Umsögn þessi beinist því einungis almennt að efni þess frumvarps sem nú liggur fyrir.

Kauphöllin telur sumar þær breytingar sem settar eru fram í frumvarpinu vera til bóta. Með frumvarpinu er t.a.m. svigrúm til fjárfestinga aukið að vissu marki, ásamt því að tímafrestur til endurfjárfestinga er lengdur. Ættu slíkar breytingar að auðvelda fjárfestum að lifa með gjaldeyrishöftum.

Kauphöllin telur þó ástæðu til að beina sjónum fyrst og fremst að þeim ákvæðum frumvarpsins þar sem Seðlabanka Íslands eru veittar því sem næst ótakmarkaðar heimildir til afskipta af málefnum einstaklinga og lögaðila. Í 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á núgildandi ákvæði 14. gr. laga nr. 87/1992. Með ákvæðinu er ætlunin að veita Seðlabanka Íslands heimildir til að afla *allra þeirra upplýsinga* sem hann telur nauðsynlegar vegna lögbundins eftirlits bankans með lögnum. Í núgildandi ákvæði 14. gr. laganna er heimild Seðlabanka Íslands takmörkuð við upplýsingar er *líta að gjaldeyrisviðskiptum*. Sú heimild er þó ekki talin nægja heldur er ætlunin að veita Seðlabanka Íslands því sem næst ótakmarkaða heimild til afskipta af einkamálefnum einstaklinga og lögaðila í þeim tilgangi að tryggja eftirfylgni með gjaldeyrislögum.

Ástæða er til að draga fram að núgildandi ákvæði 1. mgr. 15. gr. e. í lögum nr. 87/1992 veitir Seðlabanka Íslands heimild til að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg. Í ákvæði 1. mgr. 15. gr. e. er þó gerður skýr áskilnaður um að slík upplýsingaöflun verði að tengjast rannsókn mála. Í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins er tekið skýrt fram að með breytingunni verði heimildir Seðlabankans Íslands til öflunar upplýsinga vegna eftirlits þær sömu og að því er varðar rannsóknir vegna meintra brota á ákvæðum laganna skv. 1. mgr. 15. gr. e. í lögnum. Athugasemdir við 11. gr. veita þó litla sem enga skýringu á því í hverju sú nauðsyn felst sem telja verður forsendu fyrir því að rýmka svo mjög heimildir Seðlabanka Íslands. Svo illa rökstuddur málflutningur í tengslum við svo stórvægilega breytingu á heimildum Seðlabanka Íslands er ólíðandi og er með engu móti hægt

að sjá hvaða nauðsyn hvílir þar að baki. Það er þó fullljóst að ekki er haft fyrir því að lýsa þeirri nauðsyn nánar í athugasemdum við frumvarpið. Því síður er því lýst með hvaða hætti Seðlabanki Íslands mun beita umræddri heimild, hvernig notkunin verði takmörkuð og með hvaða hætti stjórnarskrárvarinn réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs verði tryggður.

Með því að samþykkja slíka breytingu er Alþingi að færa Seðlabanka Íslands í hendur heimild til að sækjast eftir hvers konar upplýsingum frá hverjum þeim sem fellur undir ákvæði laganna, án nokkurra takmarkana eða frekari afmörkunar. Slíkar ákvarðanir um aðgang að gögnum verða ekki háðar úrskurði dómara og getur Seðlabanki Íslands að því er virðist gengið eins harkalega fram og hann kys hverju sinni. Það að lítill sem enginn rökstuðningur fylgi svo ófyrirleitinni heimild til handa Seðlabanka Íslands vekur ugg og óhug um hvaða aðgerðir verði heimilar í tengslum við upplýsingaöflun í skjóli gjaldeyrishafta í framtíðinni.

Kauphöllin leggst alfarið gegn því að heimild Seðlabanka Íslands verði rýmkuð í samræmi við þá tillögu sem sett er fram í 11. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
lögfræðingur